



398. fundur Þingvallanefndar.

Fundur var haldinn Hlaðbúð í Alþingishúsinu þann 28. febrúar 2013 kl. 12:00. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir formaður nefndarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð. Gestir voru Lilja Jónasdóttir hjá Lex lögmönnum, Þráinn Hauksson hjá Landslagi og Sigbjörn Kjartansson hjá Glámu-Kím.

Þetta gerðist:

1. Nýjar reglur Þingvallanefndar vegna köfunar staðfestar.

Drög að nýjum reglum Þingvallanefndar vegna köfunar voru send til nefndarmanna sem allir lýstu samþykki við þær utan Ragnheiður Elín sem er fjarverandi. Reglurnar verða birtar í Stjórnatíðindum. Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Einnig höfðu nefndarmenn áður staðfest reglur Siglingstofnunnar um köfun og yfirborðsköfun í þjóðgarðinum með tölvupósti.

2. Hönnun mannvirkja við Drekkingshryll og Öxarárfoss.

Þráinn Hauksson og Sigbjörn Kjartansson kynntu hugmyndir að hönnun stíga og palla við Drekkingshryll og Öxarárfoss. Ljóst þykir að brýn nauðsyn er að byggja upp stíga á Þingvöllum og stýra umferð ferðamanna betur til að vernda gróðurfar. Nefndarmönnum leist vel á tillögurnar sem verða útfærðar betur og kostnaðaráætlun sett fram.

3. Staðarval „Nýrrar Valhallar“.

Þjóðgarðsvörður kynnti tillögu um að ráða fagaðila til að meta megi sjónræna, sögulega og tilfinningalega þætti vegna staðarvals fyrir „Nýja Valhöll“ í framhaldi af mati á fýsileika byggingastaðanna.

Frestað.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:55.